

Rangárþing ytra
Ágúst Sigurðsson
Suðurlandsvegj 1
850 Hella

Reykjavík, 29. september 2016

Tilvísun:201508052 / 5.2

Efni: Vindorkugarður norðan við Þykkvabæ í Rangárþingi ytra - beiðni um umsögn

Biokraft hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttækin 28. september 2016, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hér með er óskað eftir að Rangárþing ytra gefi umsögn um meðfylgjandi tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort Rangárþing ytra geri athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmd er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 14. október 2016 og einnig á tölvupóstfang: sigurdur@skipulag.is og holmfridur@skipulag.is.



Sigurður Ásbjörnsson

Umsagnaraðilar: Rangárþing ytra, Ferðamálastofa, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Landsnet, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands og Vegagerðarin.

